



Rótarýklúbbur Reykjavík-Grafarvogur

Rótarý umdæmið á Íslandi
Verkefnasjóður

Varðandi: Lokaskýrsla – Frískápar

Umsókn

Rótarýklúbbur Reykjavík Grafarvogur sækir um styrk úr verkefnasjóði Rótarý á Íslandi að upphæð 200.000kr fyrir verkefnið „Frískápar“

Verkefna lýsing:

Verkefnið er að setja upp svokallaðan Frískáp í Grafarvogi. Frískápar eru ísskápur og eða frystiskápur sem staðsettur er í alfaraleið í hverfinu. Í skápana geta verslanir, veitingahús, bakarí og einstaklingar sett matvæli eða annan varning sem almenningur hefur not fyrir. Þeir sem þannig stendur á geta svo farið og nýtt sér „vörunar“ án endurgjalds.

Markmið verkefnis:

Verkefnið spornar gegn matarsóun með því að nýta matvæli og annað sem annars færi til spillis. Verkefnið styður jafnframt við íbúa hverfisins sem standa höllum fæti til dæmis vegna veikinda, atvinnumissis eða af annarri ástæðu hvort heldur sem um er að ræða erfiðleika fólks til skemmri eða lengri tíma. Verkefnið hefur því tvíþættan tilgang, umhverfismál sem felst í betri nýtingu matvæla og samfélagslegan tilgang sem er stuðningur við þá sem minna mega sýn.

Útfærslan:

Sótt hefur verið um leyfi fyrir að setja skýli með Frískápum við Borgir Spönginni 43, 112 Reykjavík og hefur fulltrúi Reykjavíkurborgar sem á og rekur Borgir tekið jákvætt í erindið. Klúbbfélagar munu framleiða skýlið yfir skápana og koma því fyrir. Nokkur fyrirtæki hafa samþykkt að styrkja verkefnið. Reykjavíkurborg mun leggja til rafmagn til reksturs.

Kostnaðaráætlun:

• Efniskostnaður vegna skýlis	165.000kr
• Aðkeypt vinna	50.000kr
• Ísskápur og frystiskápur	170.000kr
• Kostnaður vegna raflagna	40.000kr
• Flutningskostnaður	50.000kr
• Vinnuliður (Rótarý félagar)	306.000kr

Áætlaður heildar kostnaður 781.000kr

Fjármögnun:

• Styrkir frá fyrirtækjum	215.732kr
• Vinnuframlag Rótarý félaga	306.000kr
• Styrkur verkefnasjóðs Rótarý	200.000kr
• Rkl. Reykjavík Grafarvogur	59.268kr

Fjármögnun samtals 781.000kr

Styrktaraðilar:

Reykjavíkurborg	Staðsetning og rafmagn til reksturs
Guðmundur Arason ehf	Efnisframlag
Héðinn ehf	Aðkeypt vinna
Teknis ehf	Aðstaða fyrir framleiðslu skýlis

Kynning:

Kynningarstjóri klúbbsins mun rita grein um verkefnið sem verður birt í hverfisblaðinu og send á stóru blöðin. Reynt verður að fá umfjöllun í morgunþætti bylgjunnar og síðdegisþætti Rásar tvö.



Rótarýklúbbur Reykjavík-Grafarvogur

Framkvæmd verkefnisins

Staðarval:

Nokkrar hugmyndir komu fram um staðsetningu og átti nefnd um skápinn fund með forstöðumanni Borga félagsmiðstöð Spöng um staðsetningu við eða nálægt Spöngina númer 43 (Borgir félagsmiðstöð) sem jafnframt er fundarstaður klúbbsins. Ekki fékkst niðurstaða í það sem allir gátu sætt sig við og voru ýmis og mismunandi sjónarmið sem urðu til þess að hætt var við þessa staðsetningu. Það var svo félagi okkar í klúbbum sem starfar á framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar sem tók málið að sér og niðurstaðan var að Reykjavíkurborg lagði til aflagt strætóskýli og sá um flutning og uppsetningu austan við biðstöð strætó milli Borgarbókasafns í Spöng og Borgarholtsskóla.

Lokafrágangur:

Fengnir voru tveir notaðir kæliskápar og fluttir á staðinn. Nokkrir félagar úr klúbbum tóku að sér að mála strætóskýlið. Útbúin voru ljósaskilti í báða gafla skýlisins og gerð upplýsinga skilti á fimm tungumálum, Íslensku, Ensku, Pólsku, Spænsku og Rússnesku, til upplýsinga fyrir notendur skápana auk þess upplýsingar um Rótarý hreyfinguna.

Endanlegur kostnaður:

• Strætóskýli	150.000kr.
• Jarðvinna og flutningur	80.000kr.
• Raflagnir og tenging	40.000kr.
• Leyfisgjöld	45.000kr.
• Kæliskápar	45.000kr.
• Ljósaskilti með uppsetningu	325.701kr.
• Upplýsingaskilti með uppsetningu	25.000kr.
• Hilla fyrir þurrmat	7.500kr.
• Vinnuframlag Rótarýfélaga	345.000kr.

Endanlegur heildar kostnaður **1.063.201kr.**

Fjármögnun:

• Styrkur frá Reykjavíkurborg	315.000kr.
• Styrkur frá fyrirtækjum	203.201kr.
• Vinnuframlag Rótarý félaga	345.000kr.
• Styrkur verkefnasjóðs Rótarý	200.000kr.
• Rótarýklúbbur Reykjavík Grafarvogur	0kr.

Endanleg heildar fjármögnun **1.063.201kr.**

Styrktaraðilar:

Reykjavíkurborg
Guðmundur Arason ehf
Teknís ehf

Rótarýfélagar sem komu að framkvæmdinni:

Bjarni Gríms, Ólafur, Björn Tryggva, Berglind, Ósk, Jón Þór, Vigdís og Vala.

Reynslan:


Facebook hópur var strax stofnaður um skápinn og hefur fólk sem sett hefur mat í skápana verið duglegt að birta myndir af því. Mikil ásókn hefur verið í skápana og stoppar matur yfirleitt stutt við. Umgengni hefur verið heilt yfir nokkuð góð þótt tilfelli hafi komið upp þar sem mat hefur verið dreift við skýlið og er líklegt að börn eða unglingar hafa átt hlut að máli, í einhverjum tilfellum hefur athæfið náðst á eftirlitsmyndavél Borgarholtsskóla.

Það er mat okkar sem að verkefninu standa að það hafi heppnast nokkuð vel og sé til sóma fyrir klúbbinn og þá sem að því standa og hafa lagt lið.

Nauðsynlegt er að fylgja verkefninu eftir og skipa nefnd sem sjái um rekstu skápana.



Rótarýklúbbur Reykjavík-Grafarvogur



f.h. Rkl. Reykjavík Grafarvogur
Jón Þór Sigurðsson